

L Ö G

30

12. febr.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja spildu úr landi Saurbæjar
á Hvalfjarðarströnd.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eiganda og ábúanda jarðarinnar Þórisstaða í Svinadal, eftir mati dómkvaddra manna, spildu úr landi prestssetursjarðarinnar Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd, á svonefndum Kúvallareyrum, allt að 30 ha. að stærð, enda taki það ekki til þess lands, sem nú er innan Vatnaskógargirðingarinnar. Andvirði hins selda lands verði varið til túbóta á prestssetursjörðinni Saurbæ, og njóta þær jarðabætur, sem fyrir andvirði hins selda lands eru gerðar, ekki styrks samkvæmt lögum nr. 101 23. júní 1936 (jarðræktarlögum).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

P Ó S T L Ö G

31

12. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I. KAFLI

Umönnun og skil póstsendinga.

1. gr.

Póststjórnin veitir viðtöku til flutnings, umönnunar og skila:

- a. *Bréfasendingum* með utanáskrift. Þar til teljast bréf, spjaldbréf, bréfspjöld (einföld og með fyrirframgreiddu svari), verzlunarskjöl, prent, sýnishorn af vöru og blandaðar sendingar (verzlunarskjöl, prent, sýnishorn af vöru eða tvennt af þessum tegundum í sömu umbúðum). Bréf, verzlunarskjöl og prent mega vega allt að 2000 g, sýnishorn af vöru allt að 500 g og blandaðar sendingar allt að 2000 g, ef ekki er í þeim sýnishorn af vöru, annars 500 g. Prentað